

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 32. gr. laga nr. 58, 28. nóvember 1919, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

BRÁÐABIRGÐASAMÞYKKT

20

25. marz

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Samþykkt þessi nær ekki til útilegubáta né báta, sem fara á aðra fiski-slóð en hina svonefndu vetrarslóð. Vetrarslóð er talin allt að 30 sjómilur frá Akranesi.

Eftir 1. marz ár hvert skal þó samþykkt þessi ná til allra báta, sem sjó stunda frá Akranesi, nema útilegubáta.

Bráðabirgðasamþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. júní 1917, og lögum nr. 117, 29. desember 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

21

31. marz

um gjalddaga á útsvörum í Vestmannaeyjum.

Gjalddagar útsvara til bæjarsjóðs Vestmannaeyja eftir aðalniðurjöfnun skulu vera 6 á ári: 1. apríl 1. maí, 1. júní 1. júlí, 1. ágúst og 1. september, og skal greiða sjötta hluta útsvars í hvert skipti.

Verði aðalniðurjöfnun ekki lokið fyrir 1. apríl, skulu gjalddagar vera 5, eins og að ofan greinir, og skal þá fimmti hluti útsvars greiðast í hvert skipti.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931, um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926 um útsvör, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.